

81. stjórnarfundur – símafundur, 1. október 2014

Mætt: Hjalti Þór Vignisson, Böðvar Pétursson, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Reynir Arnarson, Ruth Magnúsdóttir, Rósa Björk Halldórsdóttir, Sigrún Helgadóttir, Snorri Ingimarsson og einnig Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Fundur hófst kl. kl. 12:15

1. Gos í Holuhrauni

Hjörleifur Finnsson, þjóðgarðsvörður á norðursvæði sat fundinn undir þessum lið.

Óvissuástand hefur staðið frá 16. ágúst s.l., en þann dag ákváðu Almannavarnir að rýma skyldi svæðið norðan Vatnajökuls til og með Ásbyrgi. Síðan hafa landverðir þjóðgarðsins verið á vakt á svæðinu og í dag er þar einn landvörður starfandi.

Gos hófst síðan í Holuhrauni 29. ágúst og stendur enn. Allar ákvarðanir um takmarkanir á umferð inn á svæðið hafa verið og eru teknar af Almannvörnum og Sýslumanninum á Húsavík, sem hafa lögsögu á svæðinu við aðstæður sem þessar. Þær takmarkanir sem eru um umferð inn á bannsvæðið við og í nágrenni við gossvæðið eru allar á ábyrgð þeirra. Þjóðgarðurinn hefur unnið náið með þessum aðilum frá upphafi, en vísindamenn sem fylgjast eiga með framvindu gossins á vegum opinberra aðila, hafa með tilvísan í 31. gr. Náttúruverndarlaga 60/2013, heimildir til að sinna rannsóknum á vettvangi.

Fjölmiðla- og fréttamenn, sem mikið hafa verið á svæðinu, hafa ekki sams konar heimildir og vísindamenn um för um svæðið.

Þó nokkur viðbótarkostnaður hefur orðið til hjá þjóðgarðinum og áfram munu bætast við útgjöld vegna þessara hamfara haldi þær áfram, en sá kostnaður ætti allur að fást fjármagnaður af sérstakri fjárveitingu frá stjórnvöldum.

- Stjórn leggur til að byrjað verði að vinna að gerð breytinga á Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

2. Frumvarp til fjárlaga 2015

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015 hækkar framlag til framkvæmda um 14,5 m.kr. frá fyrra ári og verður rúmar 100 m.kr. Engin hækkun er á rekstrarlið og gerð er hagræðingarkrafa að upphæð 5,4 m.kr. og er nettó heildarhækkun til stofnunarinnar því 9,1 m.kr. m.v. Fjárlög 2014.

Unnið verður að því með ráðuneytinu að freista þess að fá viðbótarfé í rekstur fyrir lokun fjárlagaumræðu. Sama á við um fjármagn til framkvæmda, en þar er horft til mögulegra lausna stjórnvalda um almenna gjaldtöku af ferðamönnum.

Mikil aukning heimsókna ferðamanna inn í þjóðgarðinn, hrópar á meiri fjármuni bæði til rekstrar og framkvæmda.

3. Fjallsárlón, drög að deiliskipulagi

Fyrir liggur tillaga um deiliskipulag við Fjallsárlón á Breiðamerkursandi. Kallað hefur verið eftir viðbrögðum Vatnajökulspjóðgarðs við þeim tillögum. Forsætisráðuneytið, sem fer með þjóðlendur, hefur sent sveitarfélaginu Hornafirði bréf með sínum athugasemdum. Svæðisráð suður mun funda fljótlega um þetta mál og senda út sína niðurstöðu og hugmyndir um framhald

4. Önnur mál

Gert er ráð fyrir að á næsta fundi stjórnar verði tekin frekari umræða um samgöngur í Vonarskarði.

Fundi lauk kl. kl. 13:30